

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 99/2024

2024/EES/60/17

frá 26. apríl 2024

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2779 frá 6. september 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar viðmiðin fyrir auðkenningu á skuggabankaaðilum sem um getur í 2. mgr. 394. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 14azzn (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1622) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„14azzo. **32023 R 2779**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2779 frá 6. september 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar viðmiðin fyrir auðkenningu á skuggabankaaðilum sem um getur í 2. mgr. 394. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (Stjtið. ESB L, 2023/2779, 12.12.2023).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/2779, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. apríl 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2779, 12.12.2023.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.